

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 138/1992. Sveinn Skúlason

gegn

Sigurði Péttri Haukssyni og
Tækniveröld hf.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 18. mars 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 5. s.m. í bæjarþingsmálinu nr. 7498/1991. Kæruheimild er í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að halda áfram meðferð málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

I.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Jóni L. Arnalds borgardómara. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Ú r s k u r ð u r:

Málinu skal frestað um óákveðinn tíma, á meðan ólokið er í Hæstarétti meðferð kærumáls stefnanda vegna úrskurðar bæjarfógetans á Akranesi í fógetamálinu nr. 158/1991: Sveinn Skúlason gegn Sigurði Péttri Haukssyni og Tækniveröld hf.“

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni:

„1.0.

Mál þetta hefur Sveinn Skúlason hdl. ... höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1991, á hendur Sigurði Péttri Haukssyni ... og Tækniveröld hf. ...

Stefnandi höfðaði sjálfstætt mál til staðfestingar löghalds fyrir andvirði krafna stefnanda í máli þessu svo og til greiðslu kostnaðar af því. ... Í þinghaldi 19. desember 1991 var staðfestingarmálið sameinað þessu máli. ...

2.0.

Þann 20. febrúar 1992 var kveðinn upp úrskurður hjá bæjarfógetanum á Akranesi, þar sem aflétt var kyrrsetningu á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og 8 tölvum af Tatung-gerð m/skjám og lyklaborðum, gegn bankatryggingu, að fjárhæð kr. 2.000.000,00.

Ekki er ágreiningur milli málsaðila um, að um sé að ræða kyrrsetningu þá, er krafist er staðfestingar á í máli þessu. Með kæru til Hæstaréttar, út gefinni 4. mars 1992, kærði stefnandi úrskurð þennan.

Stefnandi hefur í kæru sinni m.a. gert þær kröfur, að úrskurði fógetaréttarins verði hrundið, að því er varðar niðurfellingu kyrrsetningar til tryggingar dómkröfum á hendur Tækniveröld hf.

3.0. Lögmaður stefndu taldi óhjákvæmilegt, að málinu yrði frestað, þar til niðurstaða væri fengin í greindu kærumáli fyrir Hæstarétti. Stefnandi gerði kröfu um, að málinu yrði fram haldið.

Í síðasta málslið 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 segir svo: „Með sama hætti má fresta máli, ef annað einkamál hefir verið höfðað út af efni, er varðar verulegu um úrslit þess...“

Úrskurður dómara er byggður á þeirri forsendu, að úrlausn umrædds kærumáls í Hæstarétti geti varðað verulegu um úrslit þessa máls. Málinu var því frestað um óákveðinn tíma, á meðan meðferð kærumálsins er ólokið fyrir Hæstarétti.“

II.

Með lausnargerð fógetaréttar Akraness 20. janúar 1992 var fellt niður löghald það, er lagt var á lausafé í eigu Sigurðar Péturs Haukssonar 27. nóvember 1991.

Með dómi Hæstaréttar fyrr í dag í hæstaréttarmálinu nr. 137/1992, milli sömu aðila og deila í þessu máli, var kæru á lausnargerðinni vísað frá Hæstarétti, og stendur hún því óhöggðu.

Héraðsdómara var rétt að fresta málinu, þar til niðurstaða væri fengin í Hæstarétti um afdrif fógetaréttarmálsins. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 20.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sveinn Skúlason, greiði varnaraðilum, Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.